

Niðurstöður samráðs um áform um lagasetningu og frummat á áhrifum lagasetningar (veiðistjórn grásleppu)

Áform um lagasetningu og frummat á áhrifum lagasetningar var birt í samráðsgátt Stjórnvalda þann 5. janúar 2023, mál nr. S-3/2023. Umsagnir um áformin bárust frá 29 aðilum og voru sjónarmið aðila mismunandi.

Landssamband smábátaeigenda er á móti áformunum sem og einstakir sjómenn. Benda þessir aðilar á að unnt sé að breyta skipulagi grásleppuveiða þannig að skip sem stundi veiðar eigi þess kost að gera hlé á veiðum án þess að dagafjöldi sé skertur. Þá var bent á að kvótasetning myndi ekki fela í sér aukna nýliðun og myndi hafa þau áhrif að þeim skipum sem stunda grásleppuveiðar í dag myndi fækka verulega verði frumvarpið að lögum. Þá muni áformin koma illa niður á þeim sem nýlega hafa keypt sér réttindi til að stunda grásleppuveiðar, hafi ekki orðið sér út um veiðireynslu og sitji uppi með verðlaus og ógild leyfi.

Aðrir sem skiluðu umsögnum telja að áformaðar lagabreytingar séu nauðsynlegar og muni eyða óvissu, auka fyrirsjáanleika við skipulag veiðanna með tilliti til veðurs og meðafla, tryggja betri umgengni um auðlindina og bæti starfsaðstæður sjómanna sem stundi grásleppuveiðar. Almennt voru þessi umsagnaraðilar jákvæðir gagnvart áformum um nýliðunaraflamark og svæðisskiptingu grásleppuveiða, en lögðu ríka áherslu á að slíkt yrði útfært með skýrum hætti.

Ráðuneytið lagði mat á umsagnirnar og hafði hliðsjón af þeim við frágang að drögum frumvarpsins.

Í þeim umsögnum sem bárust um áformin var bent á nokkur atriði sem ekki komu fram í áformunum en tekin hafa verið til umfjöllunar í drögum frumvarpsins, m.a.:

- a. nýliðunaraflamark, í frumvarpinu er að finna nánari texta um aflmark til nýliða og hvernig það komi til með að nýfast þeim aðilum sem eru að hefja grásleppuveiðar í fyrsta sinn. Einnig er í ákvæði til bráðabirgða mælt fyrir um úthlutun aflahlutdeildar til grásleppuleyfihafa sem hófu grásleppuveiðar eftir viðmiðunartímabilið, þ.e. frá 1. janúar 2020 og fram að gildistöku laganna, þannig að þeim verði úthlutað aflahlutdeild í grásleppu á grundvelli veiðireynslu skv. 1. mgr. 9. gr. laga um stjórn fiskveiða.
- b. viðmiðunartímabil til úthlutun aflaheimilda, í áformunum var ekki tilgreint hvaða tímabil skuli horft til við mat á veiðireynslu. Í ákvæði til bráðabirgða er miðað við tímabilið 2014-2019 líkt og í fyrra frumvarpi sem lagt var fyrir Alþingi á 151. löggjafarþingi.
- c. svæðisskipting, í áformunum var ekki nánar skilgreint hvernig svæðisskipting veiðisvæða fyrir grásleppuveiðar yrði útfært eða hvaða sjónarmið myndu ráða skiptingunni. Var í umsögnum bent á mikilvægi þess að unnt verði að bregðast við aflabresti, náttúrulegum sveiflum og veiðiskyldu. Í frumvarpinu er mælt fyrir um staðbundin veiðisvæði og hvar þau eru staðsett, en afmörkun veiðisvæða byggir á núgildandi reglugerð um hrognkelsaveiðar. Þá er í frumvarpinu mælt fyrir um að Fiskistofa geti í undantekingartilvikum heimilað flutning aflamarks ef verulegar breytingar verða á náttúrulegum aðstæðum einstakra veiðisvæða.